

## **Fundur í skólaráði 12. mars 2015 – opinn fundur.**

### **Fundur hófst kl. 17:10**

Mættir: Viðar skólastjóri sem stjórnaði fundi, Hlín, Stefanía, Heiður, Borgþór, Sólgerður Vala og Rakel. Dagbjört aðstoðarskólastjóri var viðstödd fundinn en ekki komu aðrir gestir.

Hlín ritaði fundargerð.

### **Skóladagatal.**

- Viðar skólastjóri sagði frá skóladagatalinu.
- Upp hefur komið hugmynd um að byrja skólaárið á foreldrafundi frekar en formlegri skólasetningu. Skólaráðið tók vel í hugmyndina.
- Umsjónardagur er nýr viðburður á skóladagatali, það er hugmynd að nemendur séu bara hjá umsjónarkennara og meiri vinna færi í að vinna með liðsheild frekar en námsgreinar. Þetta væri sérstaklega nýtt fyrir unglingastigið þar sem faggreinakennsla er mikil. Skólaráð tók vel í hugmyndina, sérstaklega fulltrúar nemenda sem báðar eru á unglingastigi. Í framhaldinu myndaðist nokkur umræða um kosti og galla faggreinakennslu, en fleiri dagar með umsjónarkennurum gætu komið til móts við gallana.
- Einnig eru settir inn tengsladagar í september og október þar sem hugmyndin er að brjóta upp skólastarfið með einhverjum hætti, t.d. íþróttaviðburðir eða annað.
- Starfsdagar eru 5 yfir skólaárið og eru að mestu leyti samræmt við leikskóla og menntaskóla.
- Svokallaðir tvöfaldir dagar eru einu sinni yfir skólaárið fyrir hvern bekk, en það eru árshátíðardagar.

### **Kynning frá Dagbjörtu aðstoðarskólastjóra um verkefnið Heillaspor (e. Nurture).**

- Starfsfólk skóla finnur fyrir meiri hörku í samskiptum og meiri vanlíðan barna. Heillaspor er hluti af því að reyna að mæta öllum börnum þar sem þau eru stödd.
- Miðstöð menntunar og skólaþjónustu er að innleiða verkefnið í íslenskt skólakerfi. Innleiðing hófst formlega í Egilsstaðaskóla í haust.
- Verkefnið er þróað í Bretlandi og er heildræn nálgun til að styðja við farsæld barna í skóla- og frístundastarfi. Markmiðið er að allir skilji taugafræðilegar ástæður hegðunar og börnum sé mætt miðað við það.
- Í haust fengu allir starfsmenn skólans fræðslu um taugaþroska og heillasporaverkefninu.
- Í skólanum eru 15 einstaklingar í innleiðingarteymi sem sjá um að fræða starfsfólk og minna á. Auk þess sem ákveðnar breytingar eru innleiddar smátt og smátt í skólastarfið.
- Eitt af því sem hefur breyst í vetur eru auknar merkingar í skólanum, myndir af starfsfólki, stofur eru opnaðar fyrr og kennarar taka á móti nemendum og heilsa með nafni.

### **Öryggisráð skólans.**

- Viðar sagði frá því að hann ásamt Þórarni húsverði væru öryggisverðir og Berglind Kjartansdóttir og Málfríður Ólafsdóttir væru öryggistrúnaðarmenn.
- Búið er að minna starfsfólk á að skrá atvik sem upp koma.
- Öryggisráðið hefur farið yfir nokkur mál, t.d. snúningstæki á leikvelli og brunastút á byggingu sem nemendur hafa rekið sig í.

### Umræða um lestrarbækur yngsta stigs.

- Fyrirspurn frá foreldraráði um lestrarbækur á yngsta stigi, hvort ekki sé von á nýrri bókum.
- Skólastjóri sagði að málið væri í skoðun, búið væri að ræða meðal stjórnenda og væri í vinnslu.

### Punktur frá fulltrúum nemenda.

- Fulltrúar nemenda í skólaráði ræddu við nemendur og fengu hugmyndir um hvað þeir vildu bæta í skólanum. Það sem kom meðal annars fram var:
  - **Frá 7. bekk:**
    - Fleiri fótboltar og körfuboltar.
    - Leyfa síma aftur.
    - Fiskabúr.
    - Leyfa 7. bekk að nota pool borðið
    - Betri leikvöll.
    - Að vinna sér inn umbun.
    - Nýir borðtennispaðar.
    - Skólabjöllu.
    - Lengri matartímar.
  - **Frá 8. bekk:**
    - Frjáls sæti í matsal.
    - Mega sleppa skólasundi.
    - Kanilsykur.
  - **Frá 9. bekk:**
    - Lengri íþróttatímar.
    - Fleiri heyrnatól.
    - Fjölbreyttari ávextir.
    - Betri borð og stólar.
    - Hætta með kollaborð í matsalnum.
    - Klósettsetur inni á stelpuklósett.
    - Filmu í gluggann við stelpuklósett.
    - Hurð á strákaklósett.
    - Fleiri bekkjarferðir – bekkjarhittingar.
    - Íþróttadag á skóladagatal.
    - Sleppa frímínútum fyrir val.
  - **Frá 10. bekk:**

- Kynjajafnrétti í íþróttum.
- Kennarar tali saman um hvaða verkefni eru í gangi svo það séu ekki mörg stór verkefni í gangi á sama tíma í ólíkum námsgreinum.
- Leyfa fleiri forrit í tölvunni.
- Fleiri skólaáhöld, blýanta og strokleður til dæmis.
- Meiri afþreyingu, t.d. spil og fleira.
- Skólabjölluna aftur.

**Fundi slitið kl. 18:50**